

Fundargerð

Fundarstaður: Þjóðveldisbærinn/Búrfell
Tími: 11.00

8. maí 2023
Nr. 3. Stjórnarfundur 2023.

Fundinn sátu:
Einar Bjarnason
Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir
Hrönn Konráðsdóttir
Helgi Haukur Hauksson
Helga Margrét Friðriksdóttir
Daði Loftson, Búrfell
Georg Pálsson, Búrfell
Guðmundur Finnbogason, Nærsamfélag og náttúra

Fjarverandi:

Efni fundar/ferðar

1. Ferð í Þjóðveldisbæinn

Farin var ferð í Þjóðveldisbæinn þar sem farið var yfir atriði varðandi viðhald á bænum.

Laga þarf hurð, Guðrún ræðir við viðgerðaraðila varðandi það.

Laga þarf bæinn á nokkrum stöðum, teknar voru myndir og Guðrún sér um að senda það á Stokka og Steina sem sáu um viðgerðir síðasta sumar.

Eldstæði er brotið, reynt verður að líma það sem er brotið saman, rekstraraðilar reyna það áður en eldstæðin verða senda í viðgerð hjá Funa.

Loftræstikerfið er ekki að virka, Guðrún heldur áfram að vinna í þeim málum.

2. Viðauki við samning

Rætt var um viðauka við samning milli Þjóðveldisbæjar og Iceland Inn ehf um breytingu á nafni og kennitölu í samning. Rekstraraðili samþykkti viðaukann, hann fer í rafræna undirritun.

3. Fundur með starfsfólki í Búrfelli

Í lok ferðar var fundað með starfsfólki í Búrfelli og farið yfir nokkur atriði sem þarf að ganga frá.

Vatn, opna og loka fyrir vatn, það þarf að skoða ferlið í tengslum við það. Í ár mun starfsfólkið í Búrfelli sjá um það. Þetta er gert í Eiríksbúð inn í tengirými. Það þarf að tæma rörin fyrir veturinn, svo það frjósi ekki í rörum, hætta á að það fari að leka.

Loftræstikerfi og varmadæla var aftengd fyrir misstök, það verður lagað hið fyrsta.

Rafmagn og lagnir niður á bílastæði, verður lagt sem tímabundin lausn fyrir sumarið. Gert er ráð fyrir að það verði lagður nýr stengur fyrir þjónustuhúsið það verður unnið í samstarfi við Rarik. Til að byrja með verður settur lítill kofi við bílastæði sem mun sjá meðal annars um að innheimta gjald inn á svæðið. Í stærri framkvæmdunum er gert ráð fyrir að sett verði ný rotþró. En tæma þarf rotþrónna sem tengist salernunum sem eru í notkun í dag.

Öryggiskerfi, Þjóðveldisbærinn sér um öryggiskerfið, það er virkt. Búrfell vaktar það ekki lengur, það var aftengt fyrir nokkrum árum.

Viðhald á bílastæði og vegi verður í umsjá Þjóðveldisbæjar, samkvæmt samningi.

Rætt var um merkingu varðandi tjaldsvæði, ekki heimilt að tjalda á svæðinu, skoða þarf að setja upp skilti með ábendingu um hvar næsta tjaldsvæði er.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 15.30

Fundaritarði GÓB